

**Nd.**

**615. Breytingartillaga**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 112 18. maí 1935, um hæstarétt.

Flm.: Bergur Jónsson, Vilmundur Jónsson.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:

8. Sýnt það með flutningi 4 mála, og sé eitt þeirra að minnsta kosti opinbert mál, að hann sé að dómi hæstaréttar hæfur til að verða hæstaréttarmálflutningsmaður. Enginn má oftast en þrisvar þreyta þá raun, og skal hann, áður en hann gerir það, leggja fyrir dóminn yfirlýsingu dómsmálaráðherra um það, að hann fullnægi öðrum lögmæltum skilyrðum til að verða málflutningsmaður fyrir hæstarétti.